

Alþingi
Erindi nr. P 141/1023
komudagur 12.12.2012

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík 6. Desember 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum 468. mál

Samtök ferðaþjónustunnar hafa farið yfir frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum mál 468. Samtökin hafa áður gert grein fyrir hækkun vsk. á gistingu og vörugjöldum á bílaleigur sem hjálaga er í þessu bréfi en vilja koma eftirfarandi atriðum á framfæri.

Kolefnisgjald ásamt olúgjaldi -hópbifreiðar

Á síðastliðnum fjórum árum hefur olúgjald verið hækkað fimm sinnum og hefur það haft í för með sér mjög miklar kostnaðarhækkanir fyrir rekstraradila hópbifreiða. Nú er yfirvofandi sjötta hækkunin og mun sú hækkun ásamt mikilli hækkun auðlindaskatts vera hópbifreiðafyrirtækjum gríðarlega þungbær sérstaklega með tilliti til þess að hópbifreiðafyrirtækin eru ekki í virðisaukaskattskerfinu og leggjast því 25,5% ofan á olúgjald og annan meginþorra aðfanga. Samtök ferðaþjónustunnar telja það óásættanlegt að á meðan aðrar greinar flutninga hafa notið mótvægisáðgerða til að mæta skerðingunni þurfa hópbifreiðafyrirtækin að greiða álag á hækkunina.

Áfengisgjald

Opinberar tölur sýna að sala á áfengi hefur dregist saman á síðustu árum og hafa áætlanir ríkissjóðs um tekjur af áfengissölu ekki skilað sér þrátt fyrir hærra áfengisgjald. Einnig sýna upplýsingar frá framleiðendum að hlutur ríkisins í hverjum seldum lítra af áfengi er gríðarlega hár eða yfir 90% í sumum tilfellum. Að auki hefur komið fram að sala áfengis hefur í auknum mæli færst undir yfirborðið þar sem sýnt hefur verið fram á að sala af heimatilbúnu áfengi og smygli hefur aukist. Samtök ferðaþjónustunnar telja að sú hækkun, sem boðuð er á áfengisgjaldi auki enn frekar sölu á heimatilbúnu áfengi og smygli. Sem endranær mun minnkandi velta skila sér í minni umsvifum og fækkun starfsfólks á veitingastöðum. Til að auka tekjur ríkissjóðs leggur SAF til að áfengisgjald lækki, en slíkt mun minnka neðanjarðarstarfsemi, efla opinbera sölu á áfengi og samtímis auka tekjur ríkissjóðs.

Samtökin fagna því að kolefnisgjald af flugvélaeldsneyti hafi verið afnumið en SAF hafa bent á að með þátttöku í ETS kerfi Evrópusambandsins sé innheimta kolefnisgjalds klárlega tvísköttun.

Virðingarfyllst

Samtök ferðaþjónustunnar
Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri

Alþingi

Efnahags- og viðskiptanefnd

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík



Minnispunktur fyrir fund með efnahags- og viðskiptanefnd vegna vörugjalda um bílaleigur

Samtök ferðaþjónustunnar eru sammála því að auka þarf tekjur af ferðamönnum og eru að sjálfsögðu til í að leggja sín lóð á vogarskálarnar til að svo verði. SAF telja að fyrirhugaðar breytingar á afslætti bílaleiga af vörugjöldum muni ekki skila þeim tekjum í ríkissjóð sem áætlaðar eru í frumvarpi til fjárlaga 2013. Hér á eftir er gerð grein fyrir hugmyndum sem miða að eftirfarandi:

- *Að skapa ríkissjóði öruggar tekjur*
- *Tryggja að kaupgeta bílaleiga haldist*
- *Tryggja umferðaöryggi og áframhaldandi endurnýjun á umhverfisvænni atvinnutækjum*
- *Hafi hvorki róttæk áhrif á framboð né eftirspurn eftir þjónustu bílaleigufyrirtækja*
- *Bæta eftirlit, utanumhald og innheimtu virðisaukaskatts, tryggingagjalds, vörugjalds og annarra opinberra gjalda*
- *Opna leiðir til skattlagningar á ökutæki sem flutt eru inn til skamms tíma hvort sem er vegna atvinnustarfsemi eða einkanota*
- *Tryggja áframhaldandi dreifingu ferðamanna um allt land og fjölgun þeirra yfir vetrarmánuði*
- *Að fyrirtækin geti tekið á sig svona fyrirvaralausum breytingum sem ekki er hægt að velta út í verðlag fyrir næsta ár*
- *Kolvarpi ekki starfsumhverfi fyrirtækjanna og bílgreinarinnar á Íslandi*
- *Að jafnræðis sé gætt milli starfsgreina þar sem bílaleigubifreiðin er atvinnutæki og öll atvinnutæki og framleiðslutæki á landinu bera engin vörugjöld. Bílaleigur eru einu aðilar innan ferðaþjónustu sem skila 25,5% vsk.*

Tillagan fellst í því að ríkið fá a.m.k. **349 milljónir** með gjaldtöku sem er einföld í framkvæmd og nýtir að mestu núverandi innheimtakerfi hjá hinu opinbera. Bílaleigur hafa kallað eftir auknu eftirliti með starfsemi bílaleigufyrirtækja, skýrari reglum og refsheimildum gagnvart leyfislausri starfsemi. Bílaleigur hafa boðist til að greiða fyrir slíkt eftirlit. Tilgangur með því er fyrst og fremst að fyrirbyggja misnotkun á núverandi kerfi, auka tekjur ríkissjóðs vegna minni svartrar starfsemi og leyfislausrar starfsemi erlendra bílaleiga hérlendis.

	Gjald fjárhæð	Fjöldi	Samtals tekjur
Fastagjald	3.000.000	55*	165.000.000
Umhverfisgjald		9.000	25.200.000
Eftirlitsgjald		90**	45.000.000
Tekjur af hertu eftirliti		2.438.247.012***	73.147.410
Umferðaöryggisgjald Seyðisfirði			40.905.000
Tekjur alls			349.252.410
*Skráðar bílaleigur í dag eru yfir 130, gert er ráð fyrir að aðeins hluti þeirra vilji nýta afslátt af vörugjöldum			
**Skráðar bílaleigur í dag eru yfir 130, gert er ráð fyrir að þeim fækki í 90 þar sem margar eru málamyndabílaleigur			
***Fjárhæð vsk veltu í greininni			

- **Leyfisgjald Vörugjalda** innheimt af Tollstjóra, innheimt hjá bílaleigum sem nýta afslátt af vörugjöldum á hverju ári. Einföld keyrsla hjá Tollstjóra sem miðast við nýskráningu bílaleigu og þær leigur sem skráður eru 31. desember hvert ár. Gjald daga 1 janúar eindaga 15 febrúar 2012. Gjaldið þarf alltaf að vera að fullgrettil til að hægt sé að nýta afslátt af vörugjöldum. Ætli bílaleiga að kaupa bíl með vörugjaldaafslætti í janúar þarf að vera búuð að greiða árgjaldið að fullu. Skráðar bílaleigur í dag 120-130 áætlað að 55 bílaleigur greiði gjald að fjárhæð 3.000.000 kr. Þessi gjaldtaka ætti jafnframt að auka tekjur ríkissjóðs af vörugjöldum bifreiða þar sem að aðilar hafa verið að stofna bílaleigur til að leigja sjálfum sér eða skyldum aðilum bíla með vörugjaldaafslætti sem ekki er heimilt skv. lögum og reglugerð. Áðurnefnd leyfisgjöld valda því að hvati þeirra sem hugsanlega eru að misnota vörugjaldakerfið verður lítill sem enginn.
- **Umhverfisgjald(Bílaleigubifreiðagjald eða umferðaöryggisgjald)** innheimt af Umferðastofu með bifreiðagjöldum 1. júlí ár hvert. Eindagi 15 ágúst. Einföld keyrsla úr kerfi Umferðastofu sem miðast við bifreiðaeign bílaleiga 1. júlí ár hvert. Gjald að fjárhæð 2.800 kr. pr. skráða bílaleigubifreið. Fjöldi bílaleigubíla áætlaður 9.000, áætlaðar tekjur kr. 25.200.000. Í dag er frumforsaenda afsláttar af vörugjöldum hjá Tollstjóra að bifreið sé skráð bílaleigubifreið, jafnframt myndi eftirlit með rétttri skráningu bíla hjá bílaleigum batna sem hefur verið mjög ábótavant. Gjald sem skapar tækifæri á innheimtu frekari tekna hjá öðrum atvinnutækjum.
- **Eftirlitsgjald** innheimt af Vegagerðinni sem hefur með eftirlit og sér um útgáfu bílaleiguleyfa. Árlegt eftirlitsgjald að fjárhæð kr. 500.000 kr. sem allar skráðar bílaleigur greiða. Gjald daga 1.janúar eindaga 15.febrúar ár hvert. Gert er ráð fyrir að 90 bílaleigur greiði þetta gjald og málamynda bílaleigum fækki.
- **Tekjur af hertu eftirliti** endurskoðun laga og reglugerða yfir bílaleigur ásamt hertu eftirliti Vegagerðar og Ríkisskattstjóra ættu að skila a.m.k. kr. 73.000.000. Tekjur eru reiknaðar sem 3% af uppgefinni VSK veltu greinarinnar.
- **Umferðaröryggisgjald(Umhverfisgjald)** innheimt við komu ökutækja til Seyðisfjarðar með Norrænu í tollhúsinu á höfninni af Tollstjóraembættinu sem hefur starfsmenn á Seyðisfirði. 4500 bifreiðar koma til landsins á ári hverju. Nokkuð er um að atvinnutæki eins og bílaleigubílar og rútur með gisti aðstöðu séu fluttir til landsins og nýttir allt sumarið án þess að skila lögbundum sköttum og skyldum. Þessi gjaldtaka myndi jafnframt uppræta slík undanskot og auka tekjur ríkissjóðs. Fjórskiptgjald rúkað eftir stærð ökutækja. Einnig yrði aðilum afhendur forvarnarbæklingur varðandi öryggisatriði er varða sérstöðu aksturs á Íslandi. Þessi bæklingur er til hjá Umferðastofu ásamt öðru góðu efni sem gott væri að dreifa.

Upphæð í EUR	Fjöldi ökutækja	Heildartekjur ISK
25	400	1.620.000
35	2.000	11.340.000
50	1.650	13.365.000
200	450	14.580.000
	4.500	40.905.000

Fyrirhugað afnám vörugjaldaafsláttar er leið sem kemur mjög illa niður á

fyrirtækjunum og leiðir til a.m.k 15-20% verðhækkana á gjaldskrá bílaleiga en hafa ber í huga að ferðaþjónusta á Íslandi er seld með mjög miklum fyrirvara og því er ómögulegt að velta hækkunum út í verðlag umsvifalaust.

Endurnýjun bílaflota verður minni á kostnað öryggis og gæða en þess ber að geta að á nýliðnu umferðarþingi kom fram að 200 erlendir ferðamenn slösuðust í umferðinni árið 2011 og er talið að það megi reka það til aukins fjölda eldri bílaleigubíla. Líklegt er að skortur verði á nýlegum bílum á háönn með tilheyrandi tekjutapi fyrir alla aðila og verða sérstaklega ferðaþjónustufyrirtæki á landsbyggðinni fyrir skaða.

Bílaleigur eru að stórum hluta útflutningsgrein sem bera samt sem áður vsk. í hæsta þrepi (25,5%) og njóta á engan hátt sambærilegra ívilnana og aðrar útflutningsgreinar eða samgöngubættir í ferðaþjónustu. Bílaleigur á Íslandi búa við örmarkað, stutta háönn, mun hærra innkaupsverð á bifreiðum en í samkeppnislöndum og meiri afföll. Framboð bílaleiga minnkar um háönn hafi þær ekki afslátt af vörugjöldum þar sem stór floti bíla stendur ónotaður 300 daga ársins. Afsláttur vörugjalda er nauðsynlegur til þess að hægt sé að bjóða vöruna á samkeppnishæfu verði, sem er nú þegar mun hærra en verðið í samkeppnislöndunum og til þess að viðhalda þeirri endurnýjun sem æskileg er. **Þess ber að geta að bílaleigubílar eru einu atvinnutækin sem bera vörugjöld.**

Bílaleigufyrirtæki í samkeppnislöndum búa við það forskot að afsláttur af innkaupsverði í beinum kaupum frá framleiðendum er að jafnaði 25% á meðan bílaleigufyrirtæki hér á landi eiga kost á hámarksafslætti 6-10% þar sem álagning bifreiðaumboða hér á landi er yfirleitt á bílinu 15-18%. Innan flestra evrópuríkja greiða fyrirtæki ekki vörugjöld vegna bifreiða sem framleiddar eru innan Evrópusambandsins. Í Noregi sem er eitt af okkar stærstu samkeppnislöndum um ferðamenn njóta bílaleigur ívilnana frá hinu opinbera. Sá háttur er á þar að þegar bílaleigubíll er seldur eftir 36 mánuði eða meira þarf bílaleigan ekki að skila VSK af söluverðinu og sé bíllin seldur fyrr þá fæst afsláttur frá skattskilum í hlutfalli við þann tíma sem bíllin hefur verið í eigu bílaleigunnar. Í Danmörku frá bílaleigur afslátt af vörugjöldum vegna bílaleigubíla fyrir ferðamenn.



Helstu athugasemdir Samtaka ferðapjónustunnar við tillögu um hækkun virðisaukaskatts á gistingu úr 7% í 14% frá 1. maí 2013 (nánar á bls. 2)

1. Breytingin kemur alltof seint fram og mun stór hluti hækkunarinnar lenda á gististöðunum sem ráða illa við hana. Löngu búið að gefa út verðskrár fyrir komandi ár og gera samninga við erlenda hópa/einstaklinga.
2. Hækkun skatta er himnasending fyrir svarta markaðinn sem kemur til með að hagnast mest á breytingunni.
3. Varasamt er að flækja skattkerfið með því að bæta við skattþrepi fyrir 608 lögaðila í gististarfsemi. Einn gististaður getur þurft að setja fjögur þrep virðisaukaskatts á reikninginn (gisting 14%, morgunverðurinn 7%, áfengi 25.5% og seld afþreying 0%).
4. Áætlaður tekjuauki vegna breytingarinnar upp á 1.1 milljarð króna á árinu 2013 mun ekki skila sér. Hér er eingöngu um að ræða tölur á blaði, sem ekki er innistæða fyrir, til að fegra fjárlagafrumvarpið. Gisting mun verða fyrirframgreidd, morgunverður með 7% vsk hækkar hlutfallslega og heildarumsvif greinarinnar verða minni en ella.
5. Í greinargerð fjárlagafrumvarpsins er flaggað upplýsingum úr skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ. Rétt er að benda á hversu óvönduð sú umfjöllun er. Sem dæmi má nefna að Hagfræðistofnun gerir ráð fyrir að 17% hækkun á gistikostnaði hafi mjög lítil áhrif á eftirspurn. Þetta er ekki í samræmi við reynslu þeirra sem viðskiptin stunda.
6. Miklar breytingar hafa á síðustu árum orðið á eignarhaldi á fasteignum hótelfyrirtækjanna sem hafa haft áhrif á virðisaukaskattsskil félaga í gistipjónustu. Fasteignir hafa flust yfir í sérhæfð fasteignafélög, sem skila 25,5% vsk.

7. Af 27 ESB þjóðum eru 23 þjóðir með gistingu í lægra þrepi. Meðal virðisaukaskattur á gistingu í Evrópu er 10%. Hjá helstu ferðamannþjóðunum s.s. Frakklandi og Þýskalandi er skatturinn 7%.

Tillögur til lausnar


Skynsamlegast væri að leggja áherslu á að uppræta svarta og leyfislausu gistingu og ná þannig inn auknum tekjum. Samtökin hafa lagt fyrir fjármálaráðuneytið tillögur að auknum tekjum fyrir ríkissjóð t.d. afnema rekstur leyfislausra gististaða og selja erlendum ferðamönnum náttúrupassa. Þessar tekjur yrðu hærri en sá ávinningur sem ríkisstjórnin telur sig geta haft af hækkun virðisaukaskatts.

Nánar um athugasemdirnar

1. Samkvæmt skýrslu sem KPMG vann og send hefur verið til alþingismanna var framlegð gististaða árið 2011 aðeins 5.9% að meðaltali á landinu öllu og 2,9% í Reykjavík. Framlegðin þarf að standa undir m.a. fjármagnskostnaði, afborgunum af lánum og endurnýjun á tækjum og búnaði. Það er því ekki gerlegt að bæta við virðisaukaskatti enda ekki eðli virðisaukaskatts að fyrirtækin þurfi að kostnaðarfæra hann. Helsta sölutímabili ferðaþjónustunnar (ca. 3 mánuðir) er að ljúka. Íslenskir gististaðir og erlendir ferðaheildsalar eru því löngu búnir að auglýsa verð fyrir árið 2013 og gera bindandi sölusamninga um verulegan hluta af gistirýminu.
2. Í skýrslu um átak ASÍ, SA og RSK sem nefnist „Leggur þú þitt af mörkum“ kemur fram að samfélagslegt tap af svartri atvinnustarfsemi sé 13.8 milljarðar króna á ári og er hótél- og veitingastarfsemi þar efst á blaði. Í leit Samtaka ferðaþjónustunnar að leyfislausum gististöðum í upphafi árs 2011 fundust t.d. 1200 leyfislaus rúm á Reykjavíkursvæðinu en það er meira umfang en á tveimur stærstu hótélum landsins. Þess má geta að í átaki ASÍ, SA og RSK var aðeins farið í fyrirtæki með rekstrarleyfi. Leyfislaus útleiga á íbúðum hefur aukist mjög hröðum skrefum undanfarið ár og er starfsemin mjög vel skipulögð. Lausleg könnun á mögulegu umfangi leyfislausrar gistingar á Íslandi bendir til þess að vangreidd opinber gjöld þessara aðila nemi um 450 milljónum króna á ári.
3. Í nefndarálitum um frumvarp um ráðstafanir í skattamálum í desember 2009 var fallið frá hækkun virðisaukaskatts á gistingu í 14% þar sem sú breyting var talin varasöm vegna hættu á að hún flækti skattkerfið og yki hættu á skattundanskotum. Í umsögn RSK frá sama tíma segir “upptaka á nýju virðisaukaskattsþrepi, 14%, eykur flækjustigið við framkvæmd laganna og eykur hættu á mistökum við tekjuskráningu”.
4. Ástæður þess að tekjur muni ekki skila sér á árinu 2013 eru; (1) stórir viðskiptavinir munu greiða gistireikninga sumarsins fyrir gildistöku laganna með 7% skatthlutfalli (2) Freisting verður að færa veltu í lægsta þrep, s.s. morgunmat. Eftirlit verður mjög flókið með slíku. (3) Umræðan um hækkunina hefur þegar haft þau áhrif að viðskiptavinir halda að sér höndum um bókun á ferðum til landsins og hafa jafnvel lagt áherslu á aðra áfangastaði. Þetta kemur ljóslega fram í bókunarstöðu hótelfyrirtækja í dag sem er langt undir því sem var á sama tíma á síðasta ári, allt að 15% samdráttur í bókunum milli ára.

5. Ein meginstoðin í röksemdafærslu í skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ byggir á erlendri könnun frá árinu 2005, sem miðast við ferðalög til Ástralíu. Ekki verður séð hvernig unnt er að nota þessar upplýsingar til að fullyrða að hækkun á gistingu hafi lítil áhrif á ferðaþjónustuna á Íslandi. Hlutdeild flugfargjalda hlýtur að veða þyngra í þeirri ákvörðun vegna mikillar fjarlægðar en ákvörðun ferðamanna frá okkar helstu viðskiptalöndum að ferðast til Íslands. T.d. tekur ferðalag frá Kaupmannahöfn til Ástralíu 30 klst. meðan flugtíminn til Íslands er 3 klst.. Vegna þessa er nærtækt að ætla að hækkun gistikostnaðar í Ástralíu hafi minni áhrif á ákvörðun ferðamanna en hækkun hér á landi.

6. Við bankahrunið og í kjölfar þess varð mikið umrót á fasteignamarkaði. Gengistryggðir og vísitölutryggðir leigusamningar hótela hækkðu um 40% og útilokað var að reksturinn stæði undir slíkri hækkun. Í endursamningum við fasteignafélög, sem nú voru flest í beinni eða óbeinni eigu bankanna (Reitir, Eik, Reginn o.s.frv.) hækkaði húsnæðiskostnaður varanlega og í mörgum tilfellum voru fasteignir færðar úr hótélrekstrarfélögum yfir í sérhæfð fasteignafélög. Háar leigugreiðslur, sem bera 25,5% vsk. eru greiddar til fasteignafélaganna. Leigan reiknast sem innskattur á rekstrarfélög hótelanna. Út frá þessu hefur spunnist mjög ósanngjörn umræða um ríkisstyrki til gistipjónustunnar. En eðli málsins samkvæmt skila fasteignafélögin síðan virðisaukanum til ríkisins eins og lög gera ráð fyrir. (sjá bakhlið)



Virðisaukaskattur á hótélrekstur - samanburður á hótelfélagi og fasteignafélagi			
Þús.kr.	Raun		Sameinað í eitt félag
	Hótél	Fasteignafélag	
Rekstrartekjur			
Sala	1.481.134	383.612	1.481.134
Samtals rekstrartekjur	1.481.134	383.612	1.481.134
Rekstrarkostnaður			
Húsnæðiskostnaður	415.579	76.156	108.123
Annar rekstrarkostnaður	845.538	6.780	852.318
Samtals rekstrarkostnaður	1.261.117	82.936	960.441
EBITDA framlegð	220.017	300.676	520.693
EBITDA %	14,9%	78,4%	35,2%
Virðisaukaskattsskil			
Útskattur	140.248	97.821	140.248
Innskattur vegna rekstrar	(53.865)	(2.543)	(56.408)
Innskattur vegna húsaleigu	(97.821)		
Innskattur vegna endurbóta	(23.722)	(7.253)	(30.975)
Mismunur	(35.160)	88.025	52.865